



Fundargerð

**177. fundur Skipulagsnefndar haldinn í fundaraðstöðu Kirkjubæjarstofu
þekkingarseturs Klausturvegi 4, 2. hæð,
mánudaginn 5. september 2022, kl. 15:00.**

Fundinn sátu:

Jón Hrafn Karlsson, Jóhannes Gissurarson, Guðbrandur Magnússon, Elín Heiða Valsdóttir, Ólafur Elvar Júliusson og Einar Kristján Jónsson.

Fundargerð ritaði: Ólafur Elvar Júliusson skipulags- og byggingafulltrúi, .

1. Heildarendurskoðun Aðalskipulags Skaftárrepps 2019-2031 - 1904001

Heildarendurskoðun Aðalskipulags Skaftárrepps var auglýst 19.maí 2022 með athugasemdafresti til 30.júní 2022. Frestur til að skila inn athugasemdum var framlengdur til 11.ágúst 2022.

Fyrir fundi liggja samtals 20 athugasemdir og ábendingar. þ.e.a.s. frá 6 einstaklingum og 14 stofnunum og félögum.

Nokkrar stofnanir og félög hafa ekki brugðist við enn. Hafin er vinna við að taka athugasemdir saman og hvernig brugðist verður við þeim.

Skipulagsnefnd fór yfir helstu athugasemdir sem fyrir liggja. Unnið verður i að setja upp til nánari skoðunar athugasemdir annars vegar og hins vegar viðbrögð sveitarstjórnar og leggja fyrir næsta fund. Stefnt á að hafa vinnufund í lok mánaðar.

2. Deiliskipulagsvinna svæðis milli Klausturvegar og Skaftár - 2010007

Deiliskipulag svæðis milli Klausturvegar og Skaftár

Á 478.fundi Sveitarstjórnar Skaftárrepps þann 14.júlí 2022 var eftirfarandi bókað:

"Sveitarstjórn samþykkir að fela skipulagsnefnd að vinna lýsingu deiliskipulags fyrir svæðið í samræmi við 40.gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Vinnunni skal hraðað eins og kostur er svo það hamli ekki frekar nauðsynlegri uppbyggingu. Mikilvægt er að lýsingin verði kynnt sem fyrst til að gefa öllum tækifæri á að koma með athugasemdir svo hægt verði að vinna málið áfram í sem mestri sátt við samfélagið."

Tekin verði saman þau sjónarmið sem komið hafa fram og sett upp drög að lýsingu fyrir næsta fund. Boda þær Margréti og Kristínu frá Landmótun til fundarins til skrafs og ráðagerða.

3. Breiðabólstaður - stækkun 2ja lóða - 2208001

Sigurjóna Matthíasdóttir kt. 131255-3309, óskar eftir;

Í fyrsta lagi, að stækka lóð sína Breiðabólstaður lóð L222435 úr 1000m² í 3000m² skv. meðfylgjandi uppdrætti.

Jafnframt að nafni lóðarinna verði breytt í "Breiðabólsstaður 2"

Í öðru lagi að stækka lóðina Breiðabólsstaður L193031 úr 800m² í 3263m² skv. meðfylgjandi uppdrætti.

Jafnframt að nafni lóðarinna verði breytt í "Hvammur"

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að beiðnin verði samþykkt.

G.M.
J.G.
J.H.



SKAFTÁRHREPPUR

4. Framkvæmdaleyfi fyrir endurheimt votlendis í Skálmarbæ - 2208030

Iðunn Hauksdóttir f.h. Landgræðslunnar kt. 710169-3659 óskar eftir framkvæmdaleyfi fyrir endurheimt votlendis í Skálmarbæ í Álfaveri skv. meðfylgjandi gögnum.

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að framkvæmdaleyfi fyrir endurheimt votlendis í Skálmarbæ skv. meðfylgjandi gögnum verði staðfest með fyrirvara um samráð við jarðeigendur/ábúendur aðliggjandi jarða. Jafnframt verði það hluti af framkvæmdaleyfinu að markaskurður verði hreinsaður til tryggingar vatnsrennsli til Holtslækjar.

5. Heildarendurskoðun aðalskipulags Rangárþings Eystra 2020-2032 - 2208028

Óskað er umsagnar Skaftárhrepps á heildarendurskoðun aðalskipulags Rangárþings eystra 2020-2032. Hægt er að nálgast skipulagsgögnin á starfænu formi á heimasiðu sveitarfélagsins www.hvolsvollur.is.

Skipulagið var auglýst frá 6. apríl 2022 með athugasemdarfresti til 18. maí 2022.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við heildarendurskoðun Aðalskipulags Rangárþings Eystra 2020-2032. Skipulagsnefnd óskar efir viðræðum varðandi samræmingu á sveitarfélagsmörkum samhliða heildarendurskoðun Aðalskipulags beggja sveitarfélaga.

6. Vinnslutillaga á Aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2021-2033 - 2208029

Óskað er umsagnar á vinnslutillögu af Aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2021-2033 en umsagnarfrestur er til 14. september 2022.

Tillagan er aðgengileg á heimasiðu sveitarfélagsins www.vik.is undir Skipulag í kynningu.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við vinnslutillögu af Aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2021-2033.

7. Kortasjá sveitarfélagsins - 2208017

Til kynningar

8. Kirkjubæjklaustur - Fráveitukönnun - 2208031

Til kynningar

9. Drónamyndatökur í Eldhrauni sunnan þjóðvegar - 2209009

Til kynningar

Fundi slitið kl. 18:20.



SKAFTÁRHREPPUR

Jón Hrafn Karlsson

Guðbrandur Magnússon

Jón Hrafn Karlsson

Jóhannes Gissurarson

Elín Heiða Valsdóttir